FRAMSÝN
STÉTTARFÉLAG ÞINGEYINGA

Fréttabréf
stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

Blaðsíða 2

Samherji byggir í Öxarfirði

Blaðsíða 4

Hermína nýr formaður STH

Blaðsíða 5

Flugferðum fjölgað til Húsavíkur

3. tbl. 32. árgangur • Október2021

Forsíða

Roxhens Qypi er starfsmaður hjá fyrirtækinu Bæjarprýði ehf. á Húsavík. Þessi áhugaverða mynd var tekin af honum þegar hann var að gera við gangstétt við húsnæði stéttarfélaganna í haust.

ÚTGEFENDUR
Þingiðn, félag iðnaðarmanna
Starfsmannafélag Húsavíkur
Framsýn- stéttarfélag

HEIMILISFANG
Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík

SÍMI
464 6600

NETFANG
kuti@framsyn.is

HEIMASÍÐA
www.framsyn.is

ÁBYRGÐARMAÐUR
Aðalsteinn Á Baldursson

Fréttabréfið er skrifað 25. október 2021

UPPLAG
1800

PRENTUN
Héraðsprent

Samherji stækkar við sig í Öxarfirði

Samherji fiskeldi hefur ákveðið að stækka landeldisstöð fyrirtækisins í Öxarfirði um helming, þannig að framleiðslan verði um þrjú þúsund tonn af laxi á ári. Kostnaður við framkvæmdina er um einn og hálfur milljarður króna og á þeim að vera lokið að mestu eftir eitt til tvö ár. Samherji hefur um tíma haft til skoðunar að stækka landeldisstöðina í Öxarfirði en það hefur komið fram á fundum sem forsvarsmenn Framsýnar hafa átt með yfirmönnum fyrirtækisins í Öxarfirði. Uppbyggingu Samherja í Öxarfirði ber að fagna sérstaklega þar sem umfang fyrirtækisins á svæðinu er að aukast verulega og undirstrikar trú fyrirtækisins á landeldi enda aðstæður til fiskeldis í Öxarfirði með miklum ágætum. Störfum fjölgar, flutningar til og frá stöðinni munu aukast og þörf á aðkeyptri þjónustu frá þjónustuaðilum verður mun meiri en verið hefur.

Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með uppbyggingu fiskeldis í Öxarfirði sem hefur bætt búsetuskilyrði á svæðinu til mikilla muna.

Opnað fyrir umsóknir um jól og áramót

Stéttarfélögin hafa opnað fyrir umsóknir félagsmanna um dvöl í orlofsíbúðum félaganna um jól og áramót í Reykjavík, Kópavogi og á Akureyri.
Uppsóknartíminn er til 12. nóvember.
Í kjölfarið verða umsóknirnar teknar fyrir og íbúðunum úthlutað.
Hægt er að sækja um með því að senda skilaboð á netfangið linda@framsyn.is eða með því að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og sækja um.
Þá er einnig alltaf hægt að bjalla á skrifstofuna í síma 4646600.

Ljósritunarvél í boði

Stéttarfélögin hafa endurnýjað ljósritunarvél á skrifstofu félaganna á Húsavík. Áhugasömum, ekki síst félagasamtökum stendur til boða að fá gömlu vélina gefins en hún er vel nothæf til prentunnar næstu árin. Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna hjá forstöðumanni, Aðalsteini Árna Baldurssyni sem er með netfangið kuti@framsyn.is.

Kallaður fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur

Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni Baldursson, var kallaður fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur á dögunum sem vitni. Tilefnið varðar samskipti tveggja verktakafyrirtækja sem störfuðu á Þeistareykjum við byggingu á virkjun Landsvirkjunar á árunum 2015 til 2016. Fyrirtækið G&M sp. z.o.o. sem var undirverktaki hjá Munck höfðaði mál gegn fyrirtækinu til greiðslu meintra ógreiddra reikninga. Munck rifti á sínum tíma verksamningum sínum við félagið vegna vanefnda G&M á að greiða starfsmönnum sínum rétt laun o.fl. Þar sem Framsýn kom að málinu á sínum tíma var formaður félagsins kallaður til til að bera vitni og fara yfir málið frá sjónarhorni félagsins. Framsýn þurfti á þessum árum að hafa alvarleg afskipti af starfsemi G&M vegna framkomu fyrirtækisins í garð starfsmanna. Framsýn hefur í gegnum tíðina þurft að takast á við mörg mjög alvarleg mál sem tengjast starfsemi erlendra verktakafyrirtækja á félagssvæðinu. Héraðsdómur Reykjavíkur mun væntanlega fella dóm í málinu eftir einhverjar vikur héðan í frá.

Kjarasamningar halda

Lífskjarasamningur SA og aðildarfélaga ASÍ hvílir á forsendum sem ekki stóðust fullkomlega þar sem stjórnvöld efndu ekki öll fyrirheit í yfirlýsingu sinni dags. 4. apríl 2019.

Samninganefnd Alþýðusambands Íslands og framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins hittust nýlega á fundi til að ræða framhald Lífskjarasamningsins, en bregðist forsendur geta hvor aðili um sig sagt samningnum upp, reyndar þurfti það að gerast fyrir 30. september sl.

Á fundi aðila kom fram vilji af beggja hálfu til þess að samningar standi og halda þeir því gildi sínu þar til þeir renna út þann 1. nóvember 2022. Þess má geta að bæði Framsýn og Þingiðn eiga aðild að samningnum. Mat félaganna er að ekki hafi verið rétt að segja samningnum upp í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu sem tengjast Covid.

-Taktu þátt í mótun kröfugerðar-

Ágæti félagi

Á næstu mánuðum mun Framsýn hefja vinnu við mótun kröfugerðar vegna komandi kjaraviðræðna við Samtök atvinnulífsins, sveitarfélögin og ríkið. Samningar eru lausir haustið 2022 en viðræður við Samtök atvinnulífsins munu væntanlega hefjast á vormánuðum 2022. Stjórn Framsýnar sér ekki ástæðu til að bíða eftir kallinu heldur hefur ákveðið að hefja vinnu við mótun kröfugerðar sem verði lokið í mars á næsta ári hvað varðar kröfugerðina fyrir almenna félagsmenn innan Framsýnar. Við hvetjum félagsmenn til að koma sínum skoðunum á framfæri við félagið sem fyrst. Kröfur almennra félagsmanna verður grunnurinn að kröfugerð félagsins og lögð fyrir Samtök atvinnulífsins til frekari umræðu. Ykkar skoðanir skipta öllu máli, komið þeim á framfæri við félagið á netfangið kuti@framsyn.is. Koma svo félagar, það er okkar að berjast saman fyrir betri kjörum!

Stjórn Framsýnar stéttarfélags

Skiptir þú ekki örugglega við iðnlærða menn? Það tryggir gæðin.

Þingiðn, félag iðnaðarmanna

Þing BSRB með breyttu sniði

46. þing BSRB fór fram þann 29. september. Síðasta þing sambandsins var haldið haustið 2018. Upphaflega stóð til að halda þriggja daga þing með hefðbundnum hætti en vegna óvissu tengdri sóttvarnaraðgerðum ákvað stjórn BSRB að halda rafrænt þing miðvikudaginn 29. september um afmörkuð mál og boða til framhaldsþings á næsta ári. Þing bandalagsins eru haldin þriðja hvert ár og fara þau með æðsta vald í öllum málum BSRB. Þingið tekur til umfjöllunar öll þýðingarmikil málefni og mótar stefnu BSRB. Þá er kosið í helstu embætti bandalagsins á þingum þess. Að þessu sinni var dagskráin afmörkuð og allri stefnumótun sambandsins frestað til framhaldsþings. Á þingi sambandsins í ár var farið yfir skýrslu stjórnar, lagabreytingar og kosið í embætti. Þær Hermína Hreiðarsdóttir og Fanney Hreinsdóttir voru fulltrúar Starfsmannafélags Húsavíkur á þinginu en félagið á aðild að BSRB.

Hermína og Fanney voru fulltrúar STH á þingi BSRB sem var með breyttu sniði að þessu sinni. Á myndinni er Hermína formaður STH.

Þúsund þakkir frá hópnum

Framsýn og Þingiðn komu nýlega að því að styrkja 3 fl. kvenna og karla innan Völsungs í knattspyrnu til kaupa á æfingafatnaði. Til stóð að hópurinn færi erlendis í æfingaferð í sumar en hætt var við það vegna Covid. Stéttarfélögin hafa í gegnum tíðina komið að því að styrkja æskulýðs- og íþróttastarf á félagssvæðinu. Félögunum hafa borist kærar kveðjur frá unglingunum og foreldrum þeirra með þessum orðum, *„Þúsund þakkir frá hópnum“*.

Færðu Björgunarsveitinni Þingey gjöf

Fyrir helgina færðu fulltrúar Framsýnar Björgunarsveitinni Þingey kr. 250.000,- að gjöf til kaupa á björgunarbúnaði fyrir sveitina. Þannig vill Framsýn stuðla að öflugu starfi sveitarinnar á svæðinu, íbúum og öðrum vegfarendum til öryggis. Með gjöfinni vill félagið jafnframt þakka björgunarsveitinni fyrir óeigingjörn störf í þágu samfélagsins. Það voru forsvarsmenn Framsýnar, þau Aðalsteinn Árni Baldursson og Ósk Helgadóttir sem afhentu Steinari Karli Friðrikssyni formanni Þingeyjar og félögum í sveitinni gjöfina. Höfuðstöðvar Þingeyjar eru á Melgötu 9, Ljósavatnsskarði.

Rosa boðin velkomin til starfa

Rosa Maria Millán Roldán, hefur verið ráðin í ræstingar og þrif á Skrifstofu stéttarfélaganna. Um leið og Rosa er boðin velkomin til starfa er Ásrúnu Ásgeirsdóttur þökkuð vel unnin störf í þágu stéttarfélaganna. Ásrún hefur séð um þrifin undanarin ár og hverfur nú til annarra starfa.

Skógarhögg á Húsavík

Vélaverkstæðið Grímur tekur að sér allskonar verkefni. Hér má sjá þann mikla meistara, Kristján Elinór Helgason, saga niður stórt og mikið grenitré sem var orðið fyrir hjá eigendum þess á Baughólnum.

Ályktað um kjaramál

„Sjómannadeild Framsýnar lýsir yfir fullum stuðningi við sjómenn í kjaraviðræðum þeirra við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi. Framganga útgerðarinnar í viðræðum við sjómenn vekur furðu og er með öllu óásættanleg.

Þann 6. september slitu sjómenn kjaraviðræðum við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi hjá ríkissáttasemjara. Sýnt var að vilji stórútgerðarinnar til að finna lausn á kjaradeilunni var ekki fyrir hendi. Sérhverri tillögu sjómanna var svarað með gagntilboðum sem voru með öllu óaðgengileg.

Steininn tók úr þegar útgerðin lýsti sig ekki tilbúna til að auka framlag í lífeyrissjóð nema sá kostnaður yrði að fullu bættur með skertum kjörum sjómanna. Minnt skal á að krafan um aukið framlag í lífeyrissjóð felur það eitt í sér að sjómenn njóti þess sama og samið hefur verið um við aðra hópa. Vart getur það talist undrunarefni að sjómenn neiti að taka á sig meiri kostnað en ávinningur þeirra yrði með undirritun samningsins.

Sjómenn hafa nú verið samningslausir í 19 mánuði. Sjómannadeild Framsýnar telur þá stöðu mála ólíðandi og krefst þess að Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi láti af þvermóðsku og óbilgirni í viðræðum við sjómenn. Álögur á sjávarútveginn eru ekki slíkar að sú framganga geti með nokkru móti talist réttlætanleg, hvað þá eðlileg.

Þessi tvö klikka ekki enda mögnuð í alla staði. Hér má sjá systkinin úr Hamraborg í Reykjadal, Friðriku og Sigurð, á leið á fótboltaleik á Húsavík í góða veðrinu í sumar.

Ferðum fjölgað til Húsavíkur - frábær tilboð í gangi -

Flugfélagið Ernir hefur ákveðið að fjölga ferðum til Húsavíkur úr 6 ferðum í 10 ferðir í viku. Breytingarnar tóku gildi 1. október sl. Mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga verða flognar tvær ferðir hvern dag, morgunferð og síðdegisferð. Föstudaga og sunnudaga verður áfram ein ferð hvorn daginn. Þetta er því mikil viðbót við núverandi áætlun og gefur fólki nú tækifæri á að fljúga fram og til baka samdægurs fjórum sinnum í viku. Samhliða fjölgun ferða verður boðið upp á fleiri nettilboð í hverri ferð og lækkun barnafargjalda.

Lækkun nettilboða og barnafargjalda gildir fyrir þá sem fljúga með Erni á tímabilinu 1. október til og með 14. nóvember. Öll börn sem fljúga á þessu tímabili njóta afsláttar. Nettilboð eru í takmörkuðu mæli en þeim hefur verið fjölgað í hverri ferð á tímabilinu.

Fljúgum inn í veturinn með fleiri ferðum og fjölda tilboða

Við fljúgum sex daga vikunnar og lækkum verð nettilboða og barnaverða til 14. nóvember

	M	Þ	M	F	F	L	S	Brottf.	Lent
Frá RKV	●	●	●					08:05	08:55
				●				08:55	09:45
					●			13:55	14:45
	●	●	●					15:55	16:45
				●			●	16:45	17:30
Frá HZK	●	●	●					09:20	10:15
				●				10:10	11:05
					●			15:10	16:00
	●	●	●					17:05	18:00
				●			●	18:00	18:50

ernir.is

EAGLE AIR
FLUGFÉLAGIÐ ERNIR

Það borgar sig að vera í öflugu stéttarfélagi

Mikill metnaður er innan Framsýnar að gera vel við félagsmenn og veita þeim góða almenna þjónustu. Það er ekki síst aðhald í rekstri sem gerir það að verkum að Framsýn gerir almennt betur við sína félagsmenn en önnur sambærileg stéttarfélög gera á landsvísu.

Á dögunum kom félagsmaður í heimsókn á skrifstofu Framsýnar til að þakka fyrir styrk sem þau hjónin höfðu fengið vegna tæknifrjóvgunar. Þau sögðu hann mun hærri en hjá öðrum almennum stéttarfélögum og fyrir það bæri að þakka enda afar kostnaðarsamt að fari í tæknifrjóvgun. Þau hefðu komist að þessu eftir samræður við fólk í öðrum félögum sem væru í sömu erindagjörðum og þau að vilja eignast börn með aðkomu heilbrigðisstétta. Eðlilega veltur verkafólk því fyrir sér hvaða styrkir eru í boði hjá þeim stéttarfélögum sem þau greiða til víða um land. Þar skorar Framsýn mjög hátt og því er mikil ásókn í félagið.

Heimasíðan tók sig til og skoðaði hvað önnur stéttarfélög innan SGS væru að gera varðandi stuðning við félagsmenn sem fara í glasa-, tæknifrjóvgun eða ættleiða börn.

Hér koma dæmi um þrjú stéttarfélög sem öll eru fjölmennari en Framsýn í samanburði við félagið. Samanburðurinn er því mjög góður. Upplýsingarnar eru teknar af heimasíðum félaganna, stéttarfélögin eru ekki nafngreind en fá nöfnin Stéttarfélag 1-2-3, fyrir utan Framsýn:

Framsýn stéttarfélag:
Styrkur vegna glasa-, tæknifrjóvgunar eða ættleiðingar greiðist samkvæmt reikningi að hámarki kr. 150.000, fyrir tvö skipti. Eigi báðir foreldrar rétt samkvæmt þessari grein greiðast tveir styrkir, í heildina allt að kr. 600.000,-.

Stéttarfélag 1:
Styrkur vegna glasa-, tæknifrjóvgunar eða ættleiðingar greiðist samkvæmt reikningi að hámarki kr. 100.000, þó aðeins í eitt sinn. Eigi báðir foreldrar rétt samkvæmt þessari grein greiðast tveir styrkir.

Stéttarfélag 2:
Glasa-, tæknifrjóvgun. Styrkur er veittur tvisvar. Greitt er allt að kr. 100.000,- í fyrsta skipti og kr. 50.000 í síðara skiptið en þó að hámarki 50% af kostnaði.

Stéttarfélag 3:
Glasa-, tæknifrjóvgun. Kr. 60.000, þó aldrei hærra en 50% af reikningi, á þriggja ára fresti.

Fundað með Samkeppnis-eftirlitinu um flugmál

Framsýn fundaði með Samkeppniseftirlitinu vegna stuðnings stjórnvalda við áætlunarflug innanlands sem að mati félagsins kallar á einokun í flugi á Íslandi. Fundurinn fór fram í Reykjavík í lok ágúst. Fulltrúar frá Flugfélaginu Erni tóku einnig þátt í fundinum að beiðni Framsýnar. Eins og fram hefur komið í fréttum og Framsýn hefur vakið athygli á, er allt áætlunarflug á Íslandi með stuðning í formi ríkisstyrkja eða nýtur ríkisábyrgðar nema áætlunarflugið milli Reykjavíkur og Húsavíkur. Í umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvörp sem voru samþykkt á Alþingi haustið 2020 og varða ríkisaðstoð til handa Icelandair er skýrt tekið fram að á þeim mörkuðum sem félagið og dótturfélög þess starfa, hafi eftirlitið verulegar áhyggjur af áhrifum ríkisaðstoðarinnar á samkeppni á viðkomandi mörkuðum. Þar kemur einnig fram að Air Iceland Connect(nú Icelandair) njóti mikilla yfirburða í innanlandsflugi. Það er á stærstu flugleiðum innanlands frá Reykjavík til Akureyrar, Egilsstaða og Ísafjarðar. Flugfélagið hafi nánast haft einokunarstöðu á flugi innanlands allt frá árinu 2000 þegar Íslandsflug hætti samkeppnisflugi á leiðunum. Ljóst sé að ríkisaðstoð sem styddi við rekstur Air Iceland Connect/Icelandair myndi hafa skaðleg áhrif á fyrirtæki á borð við Flugfélagið Erni í innanlandsflugi segir jafnframt í umsögninni. Ljóst er að Þingeyingar hafa miklar áhyggjur af stöðu áætlunarflugs til Húsavíkur svo vitnað sé í yfirlýsingar frá hagsmunaaðilum, ekki síst frá stéttarfélögum og ferðaþjónustuaðilum á svæðinu. Svo virðist sem unnið sé að því að koma Flugfélaginu Erni út af markaðinum með ýmsum brögðum sem Framsýn hefur þegar komið á framfæri við stjórnvöld og nú við Samkeppniseftirlitið þar sem stefnir í algjöra einokun á áætlunarflugi á Íslandi. Vísbendingar eru um að Flugfélagið Ernir eigi ekki auðvelt með að mæta þeim mikla mótbyr sem flugfélagið býr við um þessar mundir þar sem flugfélagið situr ekki við sama borð og Icelandair er viðkemur styrkjum eða annarri fyrirgreiðslu frá ríkinu. Á fundinum með Samkeppniseftirlitinu var þessum skoðunum komið vel á framfæri. Í kjölfarið urðu góðar umræður um málið og umsögn eftirlitsins við ríkisaðstoðina til handa Icelandair. Samkeppniseftirlitið þakkaði sérstaklega fyrir þær upplýsingar sem lagðar voru fram á fundinum og fulltrúar þess sögðust taka þær til skoðunar innanhúss.

Hermína nýr formaður STH

Aðalfundur Starfsmannafélags Húsavíkur fór fram mánudaginn 6. september. Hermína Hreiðarsdóttir var kjörin formaður félagsins og er hún boðin velkomin til starfa. Hermína starfar á skrifstofu Norðurþings sem þjónustu- og skjalafulltrúi. Aðrir í stjórn eru; Bergljót Friðbjarnardóttir, Fanney Hreinsdóttir, Berglind Erlingsdóttir og Sylvía Ægisdóttir. Ása Gísladóttir og Guðmundur Guðjónsson voru kjörin sem félagslegir skoðunarmenn reikninga vegna ársins 2021. Í orlofsnefnd félagsins voru kjörin; Sveinn Hreinsson, Karl Halldórsson og Arna Þórarinsdóttir og í starfsmenntasjóð félagsins Hermína Hreiðarsdóttir og Bergljót Friðbjarnardóttir. Auk þess skipar Norðurþing tvo fulltrúa í stjórn starfsmenntasjóðsins.

Fullgildir félagsmenn í Starfsmannafélagi Húsavíkur þann 31. desember 2020 voru 120, það er greiðandi félagar. Félagsgjöld og iðgjöld ársins 2020 námu kr. 14.979.546, en voru kr. 16.440.832 árið á undan. Heildareignir í árslok voru kr. 71.420.810,- og eigið fé nam kr. 68.754.171 og hefur það aukist um 5,5% frá fyrra ári. Rekstur Skrifstofu stéttarfélaganna gekk vel á síðasta ári. Þátttaka Starfsmannafélagsins í sameiginlegum rekstrarkostnaði við skrifstofuhaldið nam kr. 2.684.028. Frekari upplýsingar um starfsemi og niðurstöður fundarins má finna inn á heimasíðu félagsins, framsyn.is.

Stjórn Starfsmannafélags Húsavíkur kom saman til myndatöku eftir aðalfund félagsins.

Lokun mótmælt

Framsýn hefur komið á framfæri hörðum mótmælum við stjórnendur Húsasmiðjunnar vegna ákvörðunar fyrirtækisins að loka verslun fyrirtækisins á Húsavík um næstu áramót. Að mati Framsýnar er það mikið áhyggjuefni og reyndar óþolandi að almenn verslun sé að færast í auknum mæli úr dreifbýlinu í stærri þéttbýliskjarna með tilheyrandi auka kostnaði fyrir íbúa á viðkomandi svæðum.

Gengið frá samkomulagi við Fjallalamb

Í byrjun september undirrituðu forsvarsmenn Framsýnar og Fjallalambs á Kópaskeri samkomulag um launakjör við sauðfjárslátrun hjá fyrirtækinu í haust. Sláturtíðin hófst þann 16. september og er nú lokið. Til stóð að slátra um 25.000 fjár þegar samningurinn var undirritaður. Um 70 starfsmenn komu að slátruninni. Að staðaldri starfa um 17 starfsmenn hjá fyrirtækinu sem er þekkt fyrir góðar og vandaðar kjötvörur.

Nýtt kynningarefni til félagsmanna

Framsýn hefur látið gera nýja kynningarbæklinga á ensku, pólsku og íslensku um helstu réttindi félagsmanna hjá Framsýn. Það er úr sjóðum félagsins s.s. úr sjúkra- orlofs og starfsmenntasjóði. Þá er einnig búið að uppfæra bæklinga á ensku og íslensku fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu. Félagsmönnum er velkomið að nálgast bæklingana á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Hin eldhressa Agnieszka Anna Szczodrowska hefur komið að því að þýða nýju bæklingana yfir á pólsku.

Hugmyndir um heimavarnarlið

Barátta Framsýnar fyrir því að halda innviðum samfélagsins gangandi hefur vakið athygli fólks á félagssvæðinu sem lætur sig varða samfélagsmál. Málið var til umræðu á stjórnar og trúnaðarráðsfundi Framsýnar á dögunum. Fram kom að félagið hefði fengið miklar þakkir fyrir að vekja athygli á málum eins og markaðsstöðu flugfélagsins Ernis, málefnum Húsasmiðjunar og starfsemi SSNE sem varð til við samruna Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, Eyþings og Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar sem því miður voru alvarleg mistök svo ekki sé meira sagt fyrir Þingeyinga. Í samtölum við íbúa á svæðinu hefur komið sterkt fram hvort ekki sé löngu tímabært að stofna sérstakt heimavarnarlið sem hefði það að markmiði að berjast fyrir stöðu íbúa á svæðinu. Vissulega er um að ræða mjög áhugaverða hugmynd sem full ástæða er til að skoða frekar.

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Samkvæmt kjarasamningum á að vera trúnaðarmaður á öllum vinnustöðum sem hafa fimm eða fleiri starfsmenn. Starfsfólk á hverjum vinnustað kýs sér trúnaðarmann til tveggja ára í senn. Kosning fer fram í samráði við viðkomandi stéttarfélag, Framsýn, Þingiðn eða Starfsmannafélag Húsavíkur. Eftir kosningu fær trúnaðarmaður og atvinnurekandi senda staðfestingu á kjöri.

Ef enginn trúnaðarmaður er á þínum vinnustað, viljum við biðja þig um að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna 4646600 eða með því að senda tölvupóst á kuti@framsyn.is varðandi frekari upplýsingar og aðstoð við kjör á trúnaðarmanni.

Til viðbótar má geta þess að stéttarfélögin standa reglulega fyrir trúnaðarmannanámskeiðum, þátttakendum að kostnaðarlausu.

Diddi er í öflugu liði trúnaðarmanna hjá stéttarfélögunum.

Raulað í blíðunni

Að mála er ekki það skemmtilegasta sem ég geri, en það fylgir víst venjubundnu viðhaldi á eignum að taka sér pensil í hönd með það í huga að betrumbæta umhverfið. Í blíðunni hér á dögunum tók ég á mig rögg og klifraði upp á þak í þeim tilgangi að mála það. Þar barðist ég ber á ofan við málningarvinnuna, hlustandi á Rolling Stones. Væntanlega ekki falleg sjón.

Þar sem ég stóð niðursokkinn við vinnu mína, raulandi með tónlistinni heyrði ég kallað frá næstu lóð, hvort ég væri ekki klár að koma í kirkjukórinn. Þá var mér hugsað til nágranna minna, sem eru heimsins bestu nágrannar, en þau hjónin hafa lengi tekið þátt í kórastarfi og sungið með kirkjukór Húsavíkurkirkju.

Ég hef alla tíð borið mikla virðingu fyrir fólki sem eftir langan vinnudag er tilbúið að gefa kost á sér í félagsstarf. Það á einnig við um þá sem hættir eru á vinnumarkaði en halda áfram sínu göfuga starfi með því að leggja samfélaginu lið með sjálfboðastarfi. Það er nefnilega ekki sjálfgefið að menn geri slíkt. Samfélag sem býr svo vel að hafa aðgang að slíku fólki er ekki á flæðiskeri statt.

Ég svaraði kalli nágranna minna og sagðist sem satt er, vera laglaus með öllu. Ég væri ekki tækur í kirkjukór þrátt fyrir mikinn vilja. Aftur var kallað: „það geta allir sungið eða lært að syngja“. Ég svaraði um hæl að ég væri undantekningin, ég gæti bara ekki haldið lagi. Við það fjaraði umræðan út yfir söng meistara Jagger.

Ég hélt áfram að mála þakið og upp í hugann kom atvik þegar ég stundaði búfræðinám við Hvanneyri hér á árum áður. Innan skólans var mikið lagt upp úr öflugu kórastarfi sem þekktur kórstjóri í Borgarfirðinum fór fyrir. Öllum nemendum var gert að fara í áheyrnarpróf. Ég neitaði og sagðist laglaus, en kórstjórinn sagðist ekki hlusta á svona rugl. Ég væri Þingeyingur og hann hefði aldrei á sinni löngu ævi kynnst Þingeyingi sem ekki gæti haldið lagi. Það var sem sé ekki í boði að sniðganga áheyrnarprófið, en það tók ekki langan tíma. Fljótlega eftir að ég byrjaði að syngja, ef söng skyldi kalla, var ég góðfúslega beðinn um að hætta strax. Kórstjórinn stundi upp úr sér: „takk þú reyndir, en söngur liggur greinilega ekki fyrir þér þrátt fyrir að þú sért Þingeyingur. Þú ert undantekningin sem ég taldi að væri ekki til“.

Glaður hélt ég áfram að mála. Ég hafði ekki verið að skorast undan því að taka þátt í starfi kirkjukórsins. Laglaus maður með vottorð upp á að hann geti ekki sungið á ekki heima í kirkjukór þrátt fyrir mikinn vilja.

Aðalsteinn Árni Baldursson

Frábær sumarferð í Flatey

Stéttarfélögin Framsýn, Þingiðn og Starfsmannafélag Húsavíkur stóðu fyrir sumarferð laugardaginn 14. ágúst út í Flatey á Skjálfanda. Forsvarsmenn Gentle Giants skipulögðu ferðina með starfsmönnum stéttarfélaganna. Uppselt var í ferðina sem tókst í alla staði mjög vel, gott var í sjóinn og það var fallegt og gefandi að ganga um eyjuna undir leiðsögn Guðmundar A. Hólmgeirssonar og Gísla Jónatanssonar sem var staddur í eyjunni og aðstoðaði Guðmund, eða Alla Hólmgeirs eins og hann er oftast kallaður, við að fræða gestina um söguna, búsetu og atvinnulífið í Flatey á fyrri tímum. Guðni Sigþórsson skipstjóri stóð í brúnni og sá til þess að vel færi um gestina þegar siglt var yfir í Flatey frá Húsavík og heim aftur. Með honum í áhöfn var Vittoria Sesani sem er frá Ítalíu. Auk þess að fræðast um eyjuna var boðið upp á grill og léttar veitingar í boði stéttarfélaganna. Ósk, Jónas, Linda og Jónína stóðu vaktina við grillið og sáu til þess að enginn færi svangur heim. Full ástæða er til að þakka Gentle Giants og gestum stéttarfélaganna fyrir ánægjulega ferð sem í alla staði var til mikillar fyrirmyndar. Meðfylgjandi eru myndir úr ferðinni.

Námstefna í samningagerð á Húsavík

Ríkissáttasemjari mun standa fyrir námstefnum í samningagerð fyrir alla sem eiga sæti í samninganefndum og vinna að kjarasamningsgerð í landinu. Með þeim er markmiðið að bæta vinnubrögð við kjarasamningsgerð, læra nýjustu aðferðir, deila reynslu og efla marksækni og fagmennsku við samningaborðið.

Hver námstefna stendur í þrjá daga og geta þátttakendur valið tímasetningu og staðsetningu sem hentar þeim. Að námskeiði loknu munu þátttakendur hafa öðlast þekkingu á lögum og leikreglum í kjarasamningsgerðinni og þekkingu á þáttum sem stuðla að virðingu, trausti, fagmennsku og bestu niðurstöðum í samningagerð. Þá munu þeir hafa öðlast þekkingu á efnahagslegu samhengi og þjóðhagslegu mikilvægi kjarasamninga, leikni til að takast á við hindranir í viðræðum, leikni í samskiptum og undirbúningi viðræðna. Einnig munu þátttakendur einnig læra að skipuleggja og vinna með heildarferli kjarasamninga, frá samningi til samnings, og hvernig á að semja vel og stuðla að gagnkvæmum ávinningi í kjarasamningsgerð. Til fróðleiks má geta þess að fyrsta námsstefna vetrarins vegna samningagerðar á vegum ríkissáttasemjara verður haldinn á Húsavík 15. til 17. nóvember og er skráning á námsstefnuna með miklum ágætum. Þátttakendur koma víða að af landinu.

Okkar maður bestur

Sæþór Olgeirsson var nýlega valinn besti leikmaðurinn í 2. deild karla í fótbolta auk þess sem hann varð einnig markahæstur í deildinni. Að sjálfsögðu er Sæþór félagsmaður í Framsýn. Það var því við hæfi að færa honum bol og húfu frá félaginu. Við óskum Sæþóri til hamingju með frábæran árangur á knattspyrnuvellinum í sumar.

Kristján Braga framkvæmdastjóri EFFAT í heimsókn

Góður félagi, Kristján Bragason framkvæmdastóri EFFAT sem stendur fyrir Samtök launafólks í matvæla-, ferða-þjónustu og landbúnaði í Evrópu (EFFAT) leit við á Skrifstofu stéttarfélaganna og heilsaði upp á formann Framsýnar og fyrrverandi varaformann félagsins Kristbjörgu Sigurðardóttir. Kristján sem býr í Svíþjóð var í stuttu fríi á Íslandi. Að sjálfsögðu gaf hann sér tíma til að ferðast norður í land og heilsa upp á forsvarsmenn og starfsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum.

Á þingi sambandsins í Zagreb í Króatíu í nóvember 2019 var Kristján kjörinn nýr framkvæmdastjóri EFFAT, en hann er kosinn í beinni kosningu af þingfulltrúum. Kristján var kosinn einróma í þetta mikilvæga starf en hann var fulltrúi Starfsgreinasambands Íslands á þinginu. Kristján var um tíma framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins. Trúlega er um að ræða eitt æðsta embætti sem Íslendingur hefur verið kosinn til að gegna innan alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar. Aðalsteinn Árni formaður Framsýnar og Kristján hafa í gegnum tíðina átt gott samstarf um verkalýðsmál enda lengi komið að réttindamálum verkafólks. Það sama má segja um Kristbjörgu sem var virk í starfi Framsýnar á þeim tíma sem Kristján starfaði fyrir Starfsgreinasamband Íslands. Að sjálfsögðu fékk Kristján góðar móttökur hjá forsvarsmönnum Framsýnar.

Er ekki bara best að vera í Framsýn?

Við bjóðum félagsmönnum upp á fjölmarga styrki, það er starfsmenntastyrki og aðra styrki sem miða að því efla heilsufar félagsmanna og takast á við tekjutap vegna veikinda með greiðslu sjúkradagpeninga eftir að veikindarétti lýkur hjá viðkomandi fyrirtæki:

- Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga eiga fullgildir félagsmenn rétt á kr. 130.000,- námsstyrk á ári. Geymdur 3 ára réttur félagsmanna getur numið allt að kr. 490.000,- með viðbótarframlagi frá Framsýn.
- Fullgildir félagsmenn eiga rétt á kr. 150.000,- í fæðingarstyrk frá félaginu.
- Fullgildir félagsmenn eiga rétt á kr. 150.000,- vegna tæknifrjóvgunar. Greitt er fyrir tvær meðferðir.
- Félagsmenn eiga rétt á sjúkradagpeningum í allt að fjóra mánuði vegna eigin veikinda eftir að kjarasamningsbundnum veikindarétti lýkur hjá viðkomandi fyrirtæki.
- Félagsmenn eiga rétt á sjúkradagpeningum í allt að þrjá mánuði enda verði þeir fyrir tekjutapi vegna alvarlegra veikinda maka.
- Félagsmenn eiga rétt á sjúkradagpeningum í allt að þrjá mánuði vegna alvarlegra veikinda barna eftir að kjarasamningsbundnum veikindarétti vegna veikinda barna lýkur hjá viðkomandi fyrirtæki.

-Það þarf ekki að koma á óvart að Framsýn er eitt eftirsóttasta stéttarfélag landsins-

Fjörugur hópur unglinga í heimsókn

Unglingar úr Vinnuskóla Húsavíkur komu við á Skrifstofu stéttarfélaganna í sumar til að fræðast um starfsemi stéttarfélaga og helstu réttindi og skyldur þeirra á vinnumarkaði. Gestirnir voru áhugasamir og tóku virkan þátt í umræðunni um viðfangsefnið. Fræðsla sem þessi er afar mikilvæg fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum hafa verið með reglulegar kynningar fyrir unglinga í grunnskólum, framhaldsskólum og í vinnuskólum. Þess ber að geta að stéttarfélögin eru alltaf tilbúin að koma með fræðslu inn í skóla eða á vinnustaði.

Fræðsla fyrir alla!

Á fræðsluvef Íslandsbanka finnur þú áhugaverð myndbönd, fræðandi greinar, góð ráð og upplýsingar um fræðslufundi

islandsbanki.is/fraedsla